

Byltingarárin 1945-1970

Einar Bragi er í hópi atómskáldanna fimm. Ljóðið „Ljósín í kirkjunni“ má finna í ljóðabókinni *Hreintjarnir* sem kom út árið 1962.

Ljósín í kirkjunni

Hikandi ljós
þukla syfjuðum gómum
um kvöldþvala vegg
þegjandi steinkirkju.

Haustmáni skarður
leggur róðukross dökkan
á hjarnföla bringu
kulsællar foldar.

Yfir dottandi byggð
hljóma kólflögin dimm
við málmhöttinn kalda
í brothættri kyrrð.

Í grenistokki svörtum
ferðast daglilja bliknuð
með bogmannsör hvíta
gegnum hjartablöð sölnuð.
1962

Verkefni:

- Skoðaðu form ljóðsins. Er ljóðið hefðbundið eða óhefðbundið? Gerðu skýra grein fyrir forminu.
- Finndu öll orð sem þér finnst torskilin og útskýrðu þau. Hvað gerist í ljóðinu ef breytt er um orð?
- Útskýrðu myndmál ljóðsins vel. Athugaðu fyrir hvað dagliljan með hvíta bogmannsör stendur. Skoðaðu vel allar persónugervingarnar sem finna má í ljóðinu.